

Ályktun

Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd þingsins

Tillaga:

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020 beinir því til stjórnar LH að styðja við faghóp um umferðaröryggi hestamanna með fjárstuðningi og öðrum þeim stuðningi sem til þarf til að áætlanir faghópsins verði að veruleika.

Greinargerð:

Að frumkvæði Dagnýar Bjarnadóttur formanns reiðveganefndar Fáks var settur á fót faghópur um umferðaröryggi hestaumferðar gagnvart annarri umferð.

Faghópurinn er skipaður fulltrúum eftirfarandi aðila:

1. Samgöngustofa (Einar Magnús magnússon)
2. Landssamband hestamannafélaga (Hjörný Snorradóttir)
3. Vegagerðin (Katrín Halldórsdóttir ?)
4. Lögreglan (Guðbrandur / Árni)
5. Íslandsstofa (Jelena Ohm)
6. Íslenski hesturinn (Begga Rist)
7. Fákur (Dagný Bjarnadóttir)
8. Ferða- og samgöngunefnd LH (Halldór H / Sæmundur)

Forustu fyrir starfshópnum hefur Einar Magnús hjá Samgöngustofu og stýrir hann starfi hópsins.

Faghópurinn vinnur að gerð sjónvarps auglýsinga í teiknimyndaformi sambærilegum þeim sem birst hafa um önnur umferðaröryggismál á vegum Samgöngustofu, unnið er að þessu verkefni með auglýsingastofunni Pipar.

Samgöngustofa leggur talsverða fjárhæð í verkefnið, en enn vantar amk. um tvær milljónir kr. til að kosta auglýsingar í sjónvarpi og á samskiptamiðlum.

Mikilvægt er að skrifa kynningartexta, greinargerð, um verkefnið, hvað standi til og hvernig skuli hafa það til kynningar fyrir væntanlega og mögulega fjármögnunaraðila. Einnig er mikilvægt að vera með einhverja uppákomu þegar myndbandið og fleira fer í birtingu. Það væri nokkurskonar blaðamannafundur til að vekja athygli fjölmiðla á málinu. Í kjölfarið færi af stað herferð til kynningar á þessu hegðunarmálum ólíkra vegfarendahópa og það væri undir merkjum „samkomulags almennra vegfarenda og hestamanna”. Að með táknrænum hætti væri gert slíkt samkomulag og andinn í áróðrinum væri sá að allir sammælist um að bera tilhlíðilega virðingu fyrir umferð hestamanna og „vice versa”. Einnig að merkja herferðina einhverju lógói sem væri þá hægt að nota í öðru birtingarformi herferðarinnar. Það væri aukakostnaður sem gerð verður athugun á hver verði.

Ályktun

Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd þingsins

Tillaga:

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020 hvetur stjórn LH til að beita sér fyrir því að sektarákvæði verði að finna í umferðarlögum um hjólreiðar á skilgreindum reiðvegum sem eru merktir sem slíkir.

Greinargerð:

Í haust sl. var auglýst að í samráðsgátt stjórnvalda væri hægt að gera athugasemdir vegna fyrirhugaðra breytinga á umferðarlögum 01.01. 2020 er tóku gildi þann 1. janúar sl. Í breytingatillögum að umferðarlögunum var að finna m.a. ákvæði um heimild að sektarákvæði fyrir hjólreiðamenn sem ekki sýna gangandi- eða akandi vegfarendum tillitssemi.

Einnig var þar að finna sektarákvæði ef menn hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

Athygli var vakin á þessu við formann og skrifstofu LH, einungir tvær aths. bárust á umsagnartímabili í samráðsgáttina, önnur frá formanni Ferða- og samgöngunefndar LH og hin frá Kristínu Bjarnadóttir í reiðveganefnd hmf. Geysi.

Æskilegt væri að ákvæði í umferðarlögum hljóði þannig:

Heimilt verður að sekta hjólreiðamenn sem ekki sýna gangandi- akandi eða ríðandi vegfarendum tillitssemi.

Allir sem stunda hestamennsku í og við þéttbýliskjarna hafa efalaust orðir varir við mikla aukningu hjólreiða á reiðvegum við hesthúsahverfin. Aukninguna má vafalítið rekja til þessa ástands sem skapaðist í þjóðfélaginu á tímum Covid og þess að sundstaðir, íþróttahús og líkamsræktastöðvar hafa verið lokað langtímum saman. Hjólreiðar og hestamennska fer engan vegin saman, víða háttar þannig til að krappar beygjur og blindhæðir eru á reiðvegum auk þess sem mikill og vaxandi trjágróður byrgir víða sýn. Þannig er það ávísun á slys að fá hjól á fullri ferð á móti sér eða aftur undir hross sem í allflestum atvikum fælist við slíka ógn.

Ályktun

Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd þingsins

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020.

Skorar á Vegagerðina og Samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu og um allt land að standa vörð um einstakan lifandi menningararf sem reiðleiðir í þétt-og dreifbýli eru og vinna að viðgangi þeirra og öryggi hestamanna. Að sveitafélög setji aukið fé í viðhald og framkvæmd reiðleiða ásamt því að koma að gerð hönnunarleiðbeininga um framkvæmd þeirra ekki síst í þéttbýli.

Áskorunina mætt gjarnan senda á hvert sveitafélag líka.